


FJARÐAR fréttir

Fimmtudagur 8. febrúar 2018 | 6. tbl. 16. árg.

Upplag 10.500 eintök. Dreift frítt inn á öll heimili og fyrirtæki í Hafnarfirði



FJÖRÐUR

ÚTSÖLULOK



Útsölnunni í Firði lýkur
með götumarkaði
Enn meiri afsláttur!

Á götumarkaði fara verslanir fram á göngugötu með útsöluvörurnar og bjóða enn meiri afslátt. Komdu og freistaðu þess að gera frábær kaup í skemmtilegri götumarkaðsstemningu

Opið til kl. 18 og til kl. 16 á laugardögum

ÚTSÖLULOK



Enn meiri afsláttur!



Götumarkaður



FJARÐAR fréttir

Finndu okkur á 

Fimmtudagur 8. febrúar 2018 | 6. töl. 16. árg.

Upplag 10.500 eintök.

Dreift frítt inn á öll heimili og fyrirtæki í Hafnarfirði

www.fjardarfrettir.is öflugur fréttavefur



Iceland
STAÐARBERGI

GAUKSÁS - RAÐHÚS



236m² 74,9 millj. kr.

Fallegt vandað miðjuraðhús. Stórkostlegt útsýni. Stutt í skóla. Frábær bílskúr. Lóð er ræktuð, hellulagt stórt bílaplan með hita.

KIRKJUVELLIR 12A



109m² 45,4 millj. kr.

Glæsileg ný 4ra herb. íbúð með sérinngangi af svölum á 2. hæð í vönduðu lyftuhúsi. Traustur byggingaraðili, Fjarðarmót ehf.

DREKAVELLIR 26



85m² 37,9 millj. kr.

Sérlega falleg og björt 3ja herb. íbúð á 3. hæð í vönduðu lyftuhúsi. Stórar suður svalir, útsýni.

HRAUNHAMAR

FASTEIGNASALA

Bæjarhrauni 10 Hafnarfirði • Sími 520 7500 • www.hraunhamar.is

Stofnuð 1983

ØLSTOFA

HAFNARFJARÐAR

Flatahrauni 5a

Boltinn í beinni og lifandi tónlist allar helgar.

Tilvalinn staður fyrir einkasamkvæmi stærri og smærri hóp.

Flatahrauni 5a, Hafnarfirði
sími 578 0200

Litla Gæludýrabúðin
Strandgötu 32 - Hafnarfirði - S: 517 8666



Verslanir í flutningum

Miðbærinn líður vegna skorts á verslunarrýmum

Enn er langt í að deiliskipulagið í miðbænum verði endurnýjað en verulega skortir á að gert sé ráð fyrir hagkvæmum rýmum fyrir verslanir og

veitingarekstur. Verslanir hafa verið að færa sig um set og tvö fyrirtæki hafa flutt á Norðurbakkann af Strandgöttunni, Andrea og

Heiðdís Helgadóttir Art prints en Litla Hönnunar Búðin flutti sig aðeins á milli húsa eins og lesa má um á bls. 8.

Skóðuðu tertúirvalið á kokulist.is



Jón Arlúx
KÖKULIST

Kökulist verslunarmóðubúðinni Fífri Hafnarfirði
Kökulist Hólagötu 17 Reykjavík
Kökulist Hólabó 2 Garðabæ
Kökulist@kokulist.is • 555 66 55



Góð stemning var við opnun Litlu Hönnunar Búðarinnar á nýjum stað.

A
-stöðin
TAXI
Hafnfirski
leigubílastöðin
520 1212

Burger*inn



Sími: 555 7030
www.burgerinn.is



Setbergshamarinn

Það sem nú er golfvöllur er skv. skipulagi Garðabæjar íbúðabyggð

Ljóm.: Guðni Glaason

Ljóm.: Guðni Glaason

FJARÐAR fréttir

Útgefandi: Hönnunarhúsið ehf. kt. 450106-1350

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Guðni Gíslason

Ritstjórn og auglýsingar: 565 4513, 896 4613

fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

Prentun: Ísafoldarprentsmiðja • Dreifing: Íslandspóstur

ISSN 2298-8858 Vefútgáfa: ISSN 2298-8866

www.fjardarfrettir.is

www.facebook.com/fjardarfrettir.is

Hönnunarhúsið ehf., Bæjarhrauni 2, 220 Hafnarfirði



Ljóm.: Guðni Gíslason

leiðarinn



Nú rennur stór hluti af skólpi Hafnarfirðinga óhreinsað út í fjörur sunnan Hvaleyrar. Bilun í dælubúnaði og biluð varadæla er orsök þess að skolpið rennur óhreinsað til sjávar en verið er að smíða varahlut í varadælu og verið er að bíða eftir varahlut í eina dæluna. Alls eru dælurnar þrjár og ef undirritaður man rétt, eru þær allar af sömu gerð.

Sl. föstudag fór skolp óhreinsað í sjóinn við Norðurbakka í um tvo klukkutíma en starfsmaður fráveitunnar hafði talið rétt að opna útrásina án þess að bera það undir yfirmenn. Henni var lokað um leið og þetta varð ljóst.

Ýmsir hnókrar hafa verið á nýju fráveitukerfi bæjarins sem tekið var í notkun 2009, um fjórum árum eftir að frestur rann út skv. lögum að koma fráveitumálum í það form sem lög og reglugerður sögðu til um. Búnaður í Öseyrarstöðinni bilaði og talið að hönnunargalli hafi valdið og stöðin lögð af sem miðlunarstaður og varð í raun aðeins gegnumstreymisstöð. Í marga mánuði, á meðan viðgerð stóð, rann allt skolp úr stærstum hluta bæjarins beint til sjávar um neyðarrásir.

Nú rennur skolp til sjávar af því langan tíma tekur að fá varahluti. Hlýtur það að teljast óviðunandi að ekki sé hægt að fá með hraði varahluti eða a.m.k. að varahlutir ættu að vera til. Það getur ekki verið ásættanlegt að óhreinsað skolp sé endurtekið dælt beint í fjörurnar og ekki 2 km á haf út eins og kom fram í tveimur tilkynningum frá Hafnarfjarðarbæ þar til hún var leiðrétt eftir fyrirspurn frá Fjarðarfréttum. Reyndar var þetta ekki eina rangfærslan, því sagt var í tilkynningu frá Hafnarfjarðarbæ að byggingu stöðvarinnar hefði lokið árið 2007 en það gerðist ekki fyrr en í sumarlok 2009. En það var ekki alvarleg villa.

Þó svo enginn stundi þarna sjóböð og fáir séu á ferli á golfvöllinum þá segir veðurfræðingur að spáð sé 9-10 m úthafsöldu við Garðskaga og því megi búast við töluverðri undiröldu. Á meðan vindur er SV-lægur fer löðrið að mestu leyti yfir golfvöllinn og ekki spennandi fyrir neinn að vera þar á ferli, vitandi af skolpmenguðum sjó sem aldan lemur á klappimír í fjörinni.

Voru gerðar einhverjar mælingar eða eiga bæjarbúar að meta mengunina á fuglagerinu?

Guðni Gíslason ritstjóri.

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



Kristin Ingólfssdóttir



Sverrir Einarsson



Margrét Ásta Guðjónsdóttir

Símar allan sólarhringinn: 565 5892 & 896 8242

Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er
www.utfararstofa.is

Fleiri fréttir á fréttavefnum

www.fjardarfrettir.is

Þú finnur fleiri fréttir og myndir á fréttavefnum
www.fjardarfrettir.is, m.a. fleiri íþróttafréttir.

Ef þú lumar á íþróttafréttum og myndum, sendu þá á sport@fjardarfrettir.is

Auglýsingar

sími 565 4513 - 896 4613

gudni@fjardarfrettir.is

www.fjardarfrettir.is

Fríkirkjan
í Hafnarfirði

Sunnudagur 11. febrúar:

Sunnudagskóli kl. 11

Guðspjónusta kl. 13

Kór og hljómsveit kirkjunnar
leiða sönginn.

Nánar á www.frikirkja.is og á Facebook

Víðistaðakirkja

Sunnudagur 11. febrúar

Guðspjónusta kl. 11

Kór Víðistaðasóknar syngur
undir stjórn Helgu Þórdísar organista.

Sunnudagaskólinn kl. 11

Fjölbreytt og skemmtileg dagskrá.
Hressing eftir guðspjónustur.

Kyrrðarstund
á miðvikudögum kl. 12:10.
Súpa og brauð á eftir.

www.vidistadakirkja.is

HAFNARFJARÐARKIRKJA

Sunnudagur 11. febrúar

Fjölskyldumessa kl. 11

Fimmtudagur 15. febrúar

Fræðslukvöld kl. 20

Sorg og sorgarviðbrögð.
Allir velkomnir

**Morgunmessa, TTT, markþjálfun,
barna- og unglingakórar.**

Sjá nánar á www.hafnarfjardarkirkja.is
www.facebook.com/hafnarfjardarkirkja

Boðunarkirkjan

Álfaskeiði 115 | sími 555 7676
www.bodunarkirkjan.is

Prestur og forstöðumaður:
Steinþór Þórðarson sími 849 9584

Alla laugardaga kl. 11, fram í mars mun
Steinþór fjalla um hin stórbrotu efni
Opinberunarbókarinnar.
Þessi síðasta bók Biblíunnar er bæði
hrifandi og auðskilin.
Allir hjartanlega velkomnir.
Veitingar eftir samkomu.

Á Útvarpi Boðun FM 105,5 er
Biblíufræðsla allan sólarhringinn

Nær helmingur skolps óhreinsað í fjöruna

Önnur aðalfrárennslisdæla biluð og varadælan einnig biluð

Á þriðjudaginn í síðustu viku kom upp bilun í hreinsi- og dælustöð Hafnarfjarðarbæjar í Hraunavík þar sem allt skolp er grófhreinsað og dælt 2 km á haf út.

Bilaði önnur af tveimur aðaldælum en ekki var hægt að ræsa varadælu þar sem verið var að smíða varahlut í hana. Því fór nær helmingur alls skolps frá Hafnarfirði óhreinsað út um neyðarrás sem nær rétt út fyrir stórstraumsfjöruborð framan við stöðina. Stöðin er sunnan golfvallarins, skammt frá Straumsvík og ekki er talið að mengunin eigi að hafa áhrif á íbúa enda ekki við byggð.



Hreinsi- og dælustöðin í Hraunavík 2009. Vellir og Helgafell í bakgrunni.



Skolplögn við Norðurgarð 2002. Bungalovið fyrir miðri mynd.

VIÐGERÐ GETUR TEKID TVÆR VIKUR

Reiknað hafði verið með að viðgerð tæki í mesta lagi tvo sólarhringa en þar sem varahlutir voru ekki til á landinu er reiknað með að óhreinsað skolp renni

út í sjó fram í næstu viku, eða í tvær vikur samfleytt.

HREINSUNARFERILLINN

Í hreinsistöðinni er allt skolp frá Hafnarfjarðarbæ hreinsað með 1. þreps hreinsun. Í því felst að öll föst efni

stærri en 3 mm í þvermál eru síuð frá skólpinu í tveimur þrepsásum. Að auki eru fita og sandur skilin frá skólpinu. Öllu hrati og sandi er safnað í gám, sem tæmdur er reglulega. Fitunni er safnað í hólfi í stöðinni og henni síðan dælt þaðan í tankbila, er losa síðan fituna á sérstökum urðunarstað.

Eftir þessa hreinsun er skólpinu síðan dælt út í sjó um 2 km langa útrás niður á um 23 m dýpi. Skolpið fer út í sjó undir þrýstingi í gegnum 52 göt á útrárlögninni á ystu 200 m hennar. Þar tekur sjórinn við og eyðir eða þynnir skólpvatnið út nokkuð fljótt, þannig að styrkur mengandi efna frá útrásinu eru vel innan umhverfismarka við strandlengjuna, skv. kröfum reglugerða.



Svona var ástandið við Norðurgarð 2002, opnar skolplagnir í sjó.

NIÐURBROT Í SJÓNUM

Niðurbrot lífrænna efna fer fram í sjónum sem rotnun með tilstilli gerla (baktería) og súrefnis og því er mjög mikilvægt að ekki komi til súrefnis-skortur sem verður ef magn lífrænu efnanna verður of mikið.

Þörungar og sjávargróður taka upp næringarsölt og þrífast á þeim og á meðan magn næringasalta verður ekki of mikið er þessi þáttur í góðu jafnvægi. Ýmis sjávardýr lifa á föstu ögnunum sem eru í fráveituvatninu.

Saurgerlar í fráveituvatni frá íbúðabyggð eru margir og eru þessir gerlar taldir hættulausir í umhverfinu. Sett eru þó mörk um magn þeirra í sjónum og við fjörur þar sem útivistarsvæði eru. Gerlar þessir drepast í sjónum m.a. fyrir áhrifa sólarljóssins og því hraðast á sumrin þegar dagurinn er lengstur en hægar yfir vetrartímann.

Kröfur reglugerðar um fráveitur og skólp eru miðaðar við verstu skilyrði í hverju tilviki og eru öll ákvæði reglugerðarinnar eiga að vera uppfyllt allt árið fyrir útrásina í Hraunavík.

STÖÐ FRÁ 2009

Hreinsi- og dælustöðin var tekin í notkun 24. ágúst 2009 en undirbúningar að hreinsun strandlengjunnar og tenging allra útrása bæjarins við þessa stöð hófst árið 2004.




Dælnar í Hraunavík sem biluðu og varahluti vantar í.

AÐALFUNDUR

Siglingaklúbbsins Þyts

verður haldinn mánudaginn
12. febrúar kl. 20 í félagsheimili Þyts
að Strandgötu 88, Hafnarfirði.

Dagskrá og nánari upplýsingar á heimasíðu félagsins
www.sailing.is



Krakkar í sundknattleik á sundlauganótt

Fritt var í Ásvallalaug og dansað í sundlauginni

Sem hluti af Vetrarhátíð sem haldin er í Reykjavík og í nágrannasveitarfélögum var „sundlauganótt“ í Ásvallalaug á laugardaginn.

Fritt var í lauginn kl. 18-22 og boðið upp vatns-zumba dans, tónlist, leiki og sundknattleik.

Ungir krakkar sýndu góð tilprif í sundknattleik undir stjórn Mladens sundþjálfara og greinilegt að flest höfðu þau prófað íþróttina áður.

Þegar ljósmyndara bar að garði í upphafi kvölds voru krakkarnir þeir einu í stóru lauginni en í litlu lauginni voru konur og einstaka karlar dansandi vatns-zumba undir dynjandi tónlist og skemmtu sér greinilega vel.

Þegar liða tók á kvöldið voru ljósinn deyfð og lituð ljós kveikt til að mynda þægilega stemmningu.



Dansaður var sumbadans í lauginni undir góðri leiðsögn og dynjandi tónlist.



Liðsfélagar hvattir til dáða.



Ungu krakkarnir stóðu sig vel og greinilegt að þau kunna vel að synda.



Mladen Tepavčević sundþjálfari stýrði krökkunum og leiðbeindi.



Mikil barátta er í sundknattleik sem reynir vel á iðkendur.

Graenir 
SKÁTAR
 – gefðu okkur tækifæri!

Söfnunarkassar í Hafnarfirði eru m.a. við:
Hraunbyrgi • Fjarðarkaup • Fjörð • 10/11

ÁRSKORT Í LÍKAMSRÆKT OG SUND Á AÐEINS 35.990 KR. (Eingreiðsla)

Það gera aðeins 2.999 kr. á mánuði.

TILBOÐIÐ GILDIR TIL OG MEÐ 13. FEBRÚAR 2018



Korthafar geta pantað sér **ókeypis tíma** með þjálfara. Þú færð kennslu á tækin og sérsniðna æfingaáætlun.

7.-10. bekkur grunnskólaárskort 24.990

Nemendur í 9. og 10. bekk mega æfa sjálfir í GYM heilsu samkvæmt þjálfunaráætlun þjálfara. Nemendur 7. og 8. bekk mega eingöngu æfa í salnum í fylgd fullorðinna/forráðamanna (eldri en 18 ára).

60 ára og eldri hjartanlega velkomnir

60-67 ára árskort á **aðeins 28.990 kr.** ef komið er fyrir klukkan 15:00.

67 ára og eldri árskort á **aðeins 24.990 kr.** ef komið er fyrir klukkan 15:00.

Bjóðum upp á nýjan, stóran, glæsilegan lóðasal



Kortið gildir í líkamsrækt og sund í **Suðurbæjarlaug** og einnig í sund í **Ásvallalaug**. Hægt er að fara í aðrar GYM heilsustöðvar utan Hafnarfjarðar gegn greiðslu aðgangseyris í sund á viðkomandi stað.

Suðurbæjarlaug / sími 565 3080

www.gymheilsa.is

Vandaðar útvistarvörur fyrir kröfuharða

Nýr verslunarstjóri í Fjallakofanum á Reykjavíkurvegi

Fjallakofinn er ein af öflugum útvistarvöruverslunum landsins sem selur vandaðar útvistarvörur frá virtum framleiðendum. Þar má nefna Scarpa gönguskó, Marmot útvistarfatnað, Smartwool sem þekktast er fyrir hlýjan undirfatnað, Völkl skíði auk fjölda annarra. Þá sérhæfir Fjallakofinn sig í klifurbúnaði og ýmsum öryggisbúnaði, fallvarnarbúnaði, snjóflóðavarnarbúnaði og fl.

Fjallakofinn opnaði sína fyrstu verslun á Bæjarhrauninu í Hafnarfirði í júní 2004 og rekur nú þrjár verslanir, þá stærstu í Kringlunni 7 í Reykjavík, eina að Laugavegi 11 í Reykjavík og að Reykjavíkurvegi 64 í Hafnarfirði.

Í Hafnarfirði tók Jón Guðnason nýlega við sem verslunarstjóri en hann hefur starfað í Fjallakofanum sem lagerstjóri og við sölu til stærri aðila auk þess sem hann hefur starfað sem jöklaleiðsögumaður. Jón er 21 árs Gafliari sem hefur góða reynslu úr skátastarfi.

Jón segir starfið áhugavert og gaman að geta þjónað Hafnfirðingum, sínu heimafólki. Hann segir úrvalið gott og



Jón Guðnason verslunarstjóri í Fjallakofanum, Reykjavíkurvegi 64.

fjölbreytt og það sem aðeins sé til í Kringlunni geti hann útvegað svo fólk á vart að þurfa að fara út úr bænum eftir útvistarvörum.

Hann bendir á glæsilegt úrval af ítölsku Scarpa skónum og upplýsir að Scarpa þýðir skór á ítölsku. Gott úrval er af sokkum frá Smartwool fyrir hvers

konar útvist og daglegrar notkunar fyrir börn og fullorðna. En Jón bendir einnig á gott úrval af skíðagleraugum, hjálmum, áttavitum, úlpum, undirfötum og ekki síst hálkugormum og er Jón kominn í ham að upplýsa um allt sem fæst í versluninni en ekki er pláss að birta það allt hér.

Fjallakofinn á Reykjavíkurvegi er opinn virka daga kl. 12-18.



Sokkar fyrir útvistina.



Scarpa skórnir hafa notið mikilla vinsælda á Íslandi.



Hlý og skjólgóð fíti koma sér vel núna í vetrarkuldanum.

Hönnun og umbrot

bækur | blöð | ársskýrslur
auglýsingar | skilti | matseðlar
ljósmyndir | greinarskrif



HÖNNUNARHÚSIÐ EHF.

BÆJARHRAUNI 2 • 220 HAFNARFJÖRÐUR

sími 565 4513 | hhus@hhus.is | stofnað 1990

Frosið jólaþorp

Jólahúsin enn við Strandgötuna

Thorsplan hefur verið einn svellbunki og nú hefur snjóað yfir. Í miðjum svellbunkanum stendur enn jólatréð og mörg jólahúsanna standa á gangstéttinni báðum megin við Strandgötu. Hafa menn velt því fyrir sig af hverju þau hafa ekki verið tekin en að sögn byggingarfulltrúa voru stöðuleyfi veitt fyrir

þau með þeim ákvæðum að þau ætti að fjarlægjast „eftir jól“. Bygðasafnið óskaði eftir að nokkur þeirra fengju að vera áfram en á þeim eru myndir frá safninu. En annir við snjósmokstur og söltun er líka orsök að sögn byggingarfulltrúa.



Jólaþorpinu var lokað 23. desember en hluti þess stendur enn.



Kynntu þér sumarstörfin
bluelagoon.is/atvinna
og sæktu um

SUMARSTÖRF Í EINSTÖKU UMHVERFI

Við leitum að metnaðarfullum starfsmönnum með ríka þjónustulund í fjölbreytt og spennandi störf í sumar. Við leggjum áherslu á góða samskipta- og samstarfshæfni og bjóðum upp á þægilegan vinnutíma og góðan aðbúnað.

MEDAL STARFA Í BODI

- Móttaka og gestgjafar
- Þjónustu- og gæslustörf
- Ýmis störf á veitingasviði
- Ræstingar og þvottahús
- Sölustörf í verslunum
- Ýmis störf á hóteli
- Skrifstofustörf

	Einstakt umhverfi		Frábær starfsandi
	Skemmtilegt félagslíf		Góður matur
	Góð friðindi		Þjálfun og fræðsla
	Rútuferðir til og frá vinnu		2-2-3 vaktavinna eða dagvinna

Umsóknarfrestur er til og með **31. mars.**

Æskilegt er að umsækjendur hafi náð 18 ára aldri.

BLUE LAGOON
ICELAND

Litla Hönnunar Búðin orðin stór

Flutti í miklu stærra húsnæði í næsta húsi

Litla Hönnunar Búðin sem fyrstu þrjú árin hefur verið í litla húsinu á horni Strandgötu og Linnetsstígs er orðin stór því Sigríður Margrét Jónsdóttir eða Sigga Magga, hefur flutt búð sína yfir í mun stærra húsnæði í næsta húsi, að Strandgötu 19.



Þó úrvalið hafi aukist segir Sigga Magga ótrúlegt hvað hafi komist fyrir í gömlu búðinni enda þétt raðað og nýja



Sigríður Margrét var í skjólinum yfir móttökunum.

búðin hafi verið fljót að fyllast. Sjálf flytur hún inn ýmsar vörur sem sjaldnast er hægt að fá annars staðar hér en einnig er hún með í umboðssölu vörur frá ýmsum listamönnum og hönnuðum. Við stækkunina gafst tækifæri á að fjölga vörum og segir hún að bæst hafi við vörur frá 27 listamönnum og hönnuðum.

Var opnað með pomp og prakt á nýja staðnum sl. laugardag, boðið upp á gos í glerflöskum og lakkrísör sem fólk á miðjum aldri þekkir vel úr sinni æsku. Þéttskipað var við opnunina í nýju búðinni en aldrei hafa eins margir verið inni í Litlu Hönnunar Búðinni í einu!

Sigga Magga var hæst ánægð með viðtökurnar og segir þær hafi verið langt fram út björtustu vonum. Hún hafi alls ekki búist við svona mörgum en 3-400 manns mættu á opnunina.



Þessi ungi gestur var hæstánægður með veitingarnar.

Verslunin Andrea sem var í húsnæðinu opnar á næstu dögum á Norðurbakka 1 og sameinar þar saumastofuna og verslun.



Listamenn og hönnuðir kynntu vörur sínar og viðtökurnar voru góðar.

hafnfirski fréttavefurinn

www.fjardarfrettir.is

Sendu inn fréttaskot á: fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

Skoðaðu nýjustu fréttirnar eða leitaðu í fréttasafninu

Hvar verður þú í vetrarfríinu?

Komdu
frekar
nordur!

Skíðabúnaður
til leigu



Skíðaleigan okkar hefur á boðstólum búnað frá öllum helstu skíðaframleiðendum heims. Þú getur pantað búnaðinn á netinu áður en þú kemur í fjallið, á hlidarfjall.is

Skíða- og
brettaskólinn
allt vetrarfríð!



Skíða- og brettaskólinn er hugsaður fyrir 5-12 ára börn, jafnt fyrir byrjendur sem lengra komna.



Hlíðarfjall
Akureyri

Sími: 462-2280

Opnunartíma má sjá á hlidarfjall.is

Fylgstu með Hlíðarfjall Akureyri á 

SMÁUGLÝSINGAR

Þjónusta

Tek að mér að færa yfir á (vídeó, slide, ljósmyndir) DVD diska eða flakkara. Sýnishorn á siggileifa.123.is sími 8637265 siggill@simnet.is, Sigurður Þorleifsson.

smáauglýsingar

fjardarfrettir@fjardarfrettir.is
sími 565 3066

Verð 1.200 kr. m.v. hver 200 slög.

Myndbirting 1.200 kr.

Tapað-fundið og Gefins: FRÍTT

www.fjardarfrettir.is

Það er leikur að læra í leikskóla!

Dagur leikskólans, 6. febrúar, er til þess að vekja athygli á starfi leikskólanna en þann dag árið 1950 stofnuðu frumkvöðlar leikskólakennara sín fyrstu sam-tök. Í Hafnarfirði eru 17 leikskólar sem hver fyrir sig hefur markað sínar uppeldis-áherslur og stefnu og hér hefur fjölbreytileiki í uppeldisstarfi fengið að dafna.

Orðið leikskóli er lýsandi fyrir það starf sem fer fram í þessari fyrstu menntastofnun sem flest börn kynnast. Börn læra í gegnum leik, þau læra með því að endurskapa og túlka umhverfi sitt í leik með öðrum börnum. Þau læra með því að gera mikilvægar tilraunir inni og úti með ólíkan og margvíslegan efnivið. Það er alveg víst að börn læra mest og best þegar þau eru í öruggu umhverfi

því þar er gott að æfa sig að standa á eigin fótum og koma á framfæri vilja sínum og skoðunum. Þar er líka best að æfa samskipti við jafningja og í slíkum aðstæðum læra börnin að setja sig í spor annarra og sýna hluttekningu. Þau læra að vera þátttakendur í lýðræðissamfélagi þar sem ólíkar skoðanir eru virtar og tekið er tillit til þeirra.

Vegna þessa hér að ofan og margra annarra þátta er mikilvægt að í leikskólunum starfi fólk sem hefur skilning á því hvernig börn læra, þekki þroska þeirra og átti sig á því hvað eru raunhæfar kröfur til ólíkra einstaklinga. Of miklar kröfur draga úr sjálfstrausti og tilfinningu barna fyrir eigin getu á meðan of litlar kröfur draga úr lærdómsþorsta og gleði. Það er því verkefni fagfólksins að

þekkja hvern einstakling og mæta honum á hans forsendum.

Í kringum hvern leikskóla myndast samfélag. Að þessu samfélagi standa fjölskyldur barnanna, aðrir aðstandendur og starfsfólkið. Lítið en öflugt samfélag við hvern skóla sem á það sameiginlega markmið að hvert barn í skólanum njóti velgengni. Ekki bara stundum, heldur alla daga. Þessu litla greinarkorni fylgir sú áskorun til okkar allra sem að samfélagi leikskólanna stöndum og viljum sjá veg leikskólanna sem mestan um að tala á jákvæðan hátt um metnaðarfullt leikskólastarf, fagstarf leikskólanna, og standa með þessum mikilvægu menntastofnunum sem hlúa að velferð og námi yngstu bæjarbúanna.

Höfundur er leikskólastjóri á Hlíðarenda.



Árný Steindórsdóttir

Á DÖFINNI

Hafnarborg

Tvær sýningar eru í Hafnarborg. Í aðalsal safnsins er það sýningin **Ultimate/Relative**, innsetning eftir Ráðhildi Ingadóttur. Í Sverrissal verður opnuð sýningin **Minningabrot og leyndir staðir** sýning á völdum myndum úr tveimur ljósmyndaseríum, Fragments of Remembrance og Hidden Places eftir danska ljósmyn-darann Astrid Kruse Jensen.

Opið hús

Opið hús hjá Stangaveiðifélagi Hafnarfjarðar í kvöld kl. 20.

Gísli Már Gíslason kemur og fræðir okkur um loftslagshlýnum og áhrif á lífríki straumvatna. Heitt á könnunni.

Eypór Ingi í Bæjarbíói

Tvennir tónleikar í tónleikaröð Eypórs Inga – Allar bestu hliðarnar, verða í Bæjarbíói, fyrri tónleikarnir í kvöld kl. 21 og er uppselt á þá tónleika. Aðrir tónleikar verða á morgun, föstudag kl. 20.30 en miða má fá á midi.is. Eypór hefur farið sigurför um landið, einn síns liðs, með píanóið, gítarinn og röddina að vopni.

Sendið tilkynningar um viðburði á fjardarfrettir@fjardarfrettir.is



Leikskólabörn að leik í Stekkjarhrauni.

Leiðrétting

Ritstjóra Fjarðarfrétta varð aldeilis á í messunni í umfjöllun í síðasta töl. um samþykkt skipulags- og byggingarráðs á breytingu á deiliskipulagi Hamarsbrautar 5. Engar kærur hafa verið lagðir fram í þessu máli, hvorki gegn Hafnarfjarðarbæ eða Gunnari Hjaltalín sem ranglega er sagður eigandi lóðarinnar. Var fréttin leiðrétt í rafrænni útgáfu Fjarðarfrétta og ný frétt rituð á www.fjardarfrettir.is

Víðeigandi eru beðnir afsökunar á þessu klúðri undirritaðs í prentuðu blaði Fjarðarfrétta.

Í umfjölluninni er ruglað saman tveimur deilumálum á Vesturhamrinum,

deilum um breytingu á Hamarsbraut 5 sem fjallað er um í greininni og deilum um deiliskipulagsbreytingu á lóðunum Hellubraut 5 og Hellubraut 7 en þar hafa ibúar að Hamarsbraut 6 og Hamarsbraut 8 stefnt Hafnarfjarðarbæ og eiganda Hellubrautar 7 (þeirri lóð skipt upp í tvær lóðir nr. 5 og 7) þar sem krafist er að felld verði úr gildi ákvörðun bæjarstjórnar Hafnarfjarðar frá 9. nóv. 2016 að samþykkja breytingu á deiliskipulagi fyrir þessar lóðir og að felldar verði úr gildi ákvarðanir byggingarfulltrúa dags. 23. ágúst 2017 um að samþykkja umsóknir um byggingarleyfi að Hellubraut 5 og Hellubraut 7.

VERSLUNARRÝMI TIL LEIGU í hjarta Hafnarfjarðar

Um 100 m² á góðum stað á 2. hæð í Firði.

Upplýsingar gefur:

Guðmundur

sími 615 0009

fjordur@fjordur.is





Ljóm: Guðni Glásson

Vatnselgur var víða á götum


Mikill vatnselgur myndaðist víða í bænum sl. föstudag eftir mikla rigningu. Sums staðar voru götur og bílastæði eins og stöðuvötn og gerðu ökumönnum oft erfitt um vik.

Starfsmenn Hafnarfjarðarbæjar höfðu í nógu að snúast að skafa snjókrapa í burtu til að opna ræsi.

Fjarðargatan var lengi umflotin vatni á löngum kafla á mótis við Linnetsstíginn og var umferðin hæg þar um. Flestir fóru varlega um en einstaka ökumaður átti sig ekki á ástandinu og ók of hratt

út í grútskitugt vatnið. Allir komust þó klakklaust yfir.

Bílastæðið bak við ráðhúsið var á floti á stórum kafla en venjulega er



Ljóm: Guðni Glásson



Ljóm: Guðni Glásson

Bílastæðið bak við ráðhúsið var stórt stöðuvatn um tíma.

stæðið fullt af bílum en stígvél hefði þurft til að komast út úr bílum á sumum stæðunum. Vatnselgurinn olli vandkvæðum víðar og flæddi m.a. inn í leikskóla í bænum.

Sumir staðir fara ítrekað á floti í leysingum.

ÍÞRÓTTIR

Handbolti:

8. feb. kl. 19.30, Kaplakriki
FH - Fram, bikarkeppni karla

8. feb. kl. 19.30, Ásvellir
Haukar - Valur, bikarkeppni karla

10. feb. kl. 16, Kaplakriki
FH - Víkingur, 1. deild kvenna

11. feb. kl. 17, Dalhús
Fjölnir - FH, úrvalsdeild karla

12. feb. kl. 19.30, Ásvellir
Haukar - Afturelding, úrvalsd. karla

13. feb. kl. 19.30, Selfoss
Selfoss - Haukar, úrvalsdeild kvenna

ÚRSLIT KVENNA:

HK - Haukar: 18-25
Afturelding - FH: 11-27
Haukar - IBV: 14-25

ÚRSLIT KARLA:

Fram - Haukar: 24-34
FH - Víkingur: 35-22
Gróttta - FH: 24-35

Körfubolti:

8. feb. kl. 18, Egilsstaðir
Höttur - Haukar, úrvalsd. karla

12. feb. kl. 19.15, Ásvellir
Haukar - KR, úrvalsd. karla

ÚRSLIT KARLA:

Haukar - Tindastóll: 91-73

ÚRSLIT KVENNA:

Breiðablik - Haukar: 57-74
Haukar - Valur: 91-80

Knattspyrna:

10. feb. kl. 15.15, Egilshöll
Valur - FH, bikar kvenna A

11. feb. kl. 18.15, Egilshöll
Leiknir R - Haukar, bikar karla A-R3

11. feb. kl. 20.15, Egilshöll
Fylkir - FH, bikar karla A-R4

11. feb. kl. 14, Seltjarnarnes
Gróttta - Haukar, Foxaflóamót kv. B

ÚRSLIT KVENNA:

Stjarnan - FH: 3-2
Haukar - ÍA: (miðv.dag)

Umræða í bæjarstjórn um fundargerðir

Dæmi úr síðustu fundargerð bæjarráðs

Á síðasta fundi bæjarstjórnar, 31. janúar sl. voru fundargerðir teknar til umræðu og bent á hvað betur mætti fara og gefin nokkur dæmi. Það sem þá var skondið var að upp hófst metingur milli flokka og grafnar voru upp gamlar fundargerðir til að sýna að þetta hafi alltaf verið svona slæmt.

DÆMI ÚR SÍÐUSTU FUNDARGERÐ BÆJARRÁÐS

Ef skoðuð er síðasta fundargerð bæjarráðs frá 25. janúar sl. er t.d. fyrsta mál á dagskrá framlagning á skýrslu starfshóps um framtíðarnotkun St. Jósefsspítala. Enn er ekki búið að

hengja skýrsluna við fundargerðina. (Hana má hins vegar finna í frétt um skýrsluna á fjardarfrettir.is).

Annað mál á dagskrá voru viðbrögð í málum er varða einelti, áreitni og ofbeldi. „Lögd fram drög að upp færðri stefnu og verkferli í tengslum við eineltis- og áreitnismál.“ Drögin fylgja ekki fundargerðinni. Með birtingu væri möguleiki að bæjarbúar gætu komið með ábendingar og tillögur!

Í þriðja máli er í raun skondið að þar óskar bæjarráð eftir því að drög að umhverfis- og auðlindastefnu Hafnarfjarðar verði kynnt á vef bæjarins og íbúum gefið tækifæri til að koma með

athugasemdir og ábendingar. Drögin fylgja ekki fundargerðinni en voru þó send bæjarráði til umsagnar.

Í fimmta máli er lagt fram erindi frá félagi eldri borgara í Hafnarfirði um styrkbeiðni. Styrkbeiðnin fylgir ekki með og ekki kemur fram hvað beðið er um.

Í 7. máli á dagskrá er erindi Hauka lagt fram og erindið fylgir með. Í afgreiðslu bæjarráð er bæjarstjóra falið að ræða við forsvarsmenn Hauka. Þá spyr maður sig hvort bæjarstjóri hafi fengið eitthvað umboð frá bæjarráði? Átti hann að fá nánari skýringar eða átti hann jafnvel að koma með gagn-

tillögur? Þetta kemur ekki fram í fundargerðinni og fellur hún þá í takt við fræga fundargerð íþróttanefndar þar sem sagði eitthvað á þá leið: „Samþykkt að íþróttafulltrúi veiti styrk í samræmi við umræður á fundinum.“

Í lokin eru fjórir dagskrárlíðir með fundargerðum án þess að tengill sé á þær fundargerðir. Hvar á almennur borgari að finna fundargerð stjórnar SSH frá 8. janúar sl.?

Ítarlega umfjöllun um málið og upplýsingastefnu Hafnarfjarðar má finna á www.fjardarfrettir.is. „Deilt um ritun fundargerða bæjarins

ØLSTOFA

♦ HAFNARFJARÐAR ♦

Flatahrauni 5a

Boltinn í beinni og lifandi tónlist allar helgar.

Tilvalinn staður fyrir einkasamkvæmi stærri og smærri hópa.

Happy Hour alla daga frá kl. 16 til 19 og fleiri flott tilboð á barnum.



ØLSTOFA

♦ HAFNARFJARÐAR ♦

Flatahrauni 5a, Hafnarfirði
sími 578 0200

Engin Spretta á auðri lóð

Spretta ehf. sótti 7. nóv. sl. um tímabundin afnot af lóðinni Strandgata 86 undir tilrauna-verkefni um matvælaræktun í borg. Hafnarstjórn taldi þetta áhugavert verkefni en þar sem samkeppni stendur nú yfir um framtíðarskipulag Flensborgarhafnar/Óseyrarsvæðis og umrædd lóð er innan samkeppnissvæðisins taldi hafnarstjórn rétt að biða með ráðstöfun lóðarinnar þar til frekari ákvörðun liggur fyrir um framtíðarskipan á svæðinu.

Bæta öryggi á Norðurbakka

Hafnarstjórn hefur samþykkt að láta gera nauðsynlegar endurbætur á stálþili og öryggisbúnaði við Norðurbakka. Verkið verður boðið út í samstarfi við umhverfis- og framkvæmdasvið Hafnarfjarðarbæjar.

10. BEKKUR VÍÐISTAÐASKÓLA 2018 KYNNIR

LISA Í UNDRALANDI

Aðeins fimm sýningar
Föstudag 16. feb kl. 19:30
Laugardag 17. feb kl. 14:00 og kl. 17:00
Sunnudag 18. feb kl. 14:00 og kl. 17:00

Miðapantanir á
songleikurvíðo@gmail.com | Verð 1500 kr.
en 500 kr. fyrir 12 ára og yngri
Leikstjórn: Gunnella Hólmarsdóttir | Tónlist:
Andrés Þór Þorvarðarson

GAUKSÁS - RÆÐHÚS



236m² 74,9 millj. kr.

Fallegt vandað miðjuraðhús. Stórkostlegt útsýni. Stutt í skóla. Frábær bílskúr. Lóð er ræktuð, hellulagst stórt bílapan með hita.

KIRKJUVELLIR 12A



109m² 45,4 millj. kr.

Glæsileg ný 4ra herb. íbúð með séringngangi af svölum á 2. hæð í vönduðu lyftuhúsi. Traustur byggingaraðili, Fjarðarmót ehf.

DREKAVELLIR 26



85m² 37,9 millj. kr.

Sérlega falleg og björt 3ja herb. íbúð á 3. hæð í vönduðu lyftuhúsi. Stórar suður svalir, útsýni.

HRAUNHAMAR

FASTEIGNASALA

Bæjarhrauni 10 Hafnarfirði • Sími 520 7500 • www.hraunhamar.is

Stofnuð 1983

ÚTSÖLULOK



ENGAR TÍMAPANTANIR



RAKARASTOFAN
BASIC
Sími 565 3373

50% afsláttur af völdum bælum



MY PET
- FJÖRÐUR -

Enn meiri afsláttur!



ÚR & GULL
Firði • Miðbæ Hafnarfjarðar • Sími: 565 4666



Leikfangaland.is

Götumarkaður



augastaður
Glæraugnaverslunin þín



TILBOÐSHORN

HÁRVÖRUR

FJARÐAR fréttir

ÚTSÖLULOK



Snilldarlausnir



SMART BEDS
by Colombo 907

Enn meiri afsláttur



**30-50%
AFSLÁTTUR**

4you



KÓSÝ
HORNID

Götumarkaður



NÝTT!

FAGRIR FINGUR
naglastofa
Sími 774 2707



kr. 9.300,-
áður kr. 12.400,-

FEBRÚAR TILBOÐ
Smá andlitsbað ásamt litun
og polkkun á augnhár og
augabrúnir

25% afsláttur

Beauty Salon
Snyrtistofa

Sími 555 2056